

1. Inngangur

Skógræktarfélag Íslands (S.Í.) var stofnað árið 1930 til að klæða Ísland skógi á ný. Hlutverk þess er að auka áhuga almennings og hvetja til landbóta, ræktunar og varðveislu skóga, gæta hagsmuna skógræktarféлага í landinu og styðja við starfsemi þeirra.

Skógræktarhreyfingin hefur jafnan unnið að því að vekja áhuga landsmanna á gildi skóga og skógræktar og hefur náð árangri í þeim efnum. Viðhorfin til skógræktarhreyfingarinnar eru jákvæð meðal þorra almennings. Skógar og lundir í umsjón skógræktarféлага víða um land eru á meðal helstu útivistarsvæða landsins. Áratuga starf skógræktarféлага hefur aukið fjölbreytni í náttúru landsins og full þörf er á fleiri almenningskógum til að bæta lýðheilsu, útiveru og afþreyingu landsmanna.

Félagahreyfing sem telur um 7000 manns endurspeglar víðtækan og ríkan áhuga á hugsjónum skógræktarhreyfingar. Við teljum nú sem fyrr fulla þörf á öflugum samtökum sem berjast fyrir aukinni skógrækt og útbreiðslu skóga á Íslandi. Margt hefur áunnist en samt þekja ræktaðir skógar einungis um 0,5% landsins eftir hundrað ára ræktunarstarf. Með þessari stefnumörkun eru lögð ný lóð á vogarskálar hreyfingarinnar til framtíðar. Brýnt er að það sem hefur áunnist sé metið að verðleikum og að skógrækt fái að eflast og dafna. Framtíðarsýnin er skýr og byggir á hinu fornkveðna úr aldamótaljóði Hannesar Hafsteins: „menningin vex í lundi nýrra skóga“ .

2. Verkefni Skógræktarfélags Íslands

Megin viðfangsefni hreyfingar okkar er uppbygging skógarauðlindarinnar með eflingu vistþjónustu¹ skóga og sjálfbærri nýtingu. Í því skyni er stefnt að því að efla félagsauð, virkja komandi kynslóðir og styrkja skógræktarhreyfinguna enn frekar til athafna.

¹ Vistþjónusta (þjónusta vistkerfa) eru þau mörgu og fjölbreyttu gæði sem mannkyn nýtur af starfhæfum vistkerfum (sjá t.d. https://en.wikipedia.org/wiki/Ecosystem_services).

Í skýrslu um endurheimt og verndun birkiskóga (bls. 9) er fjallað ítarlega um „vistþjónustu birkiskóga“ með ýmsum dæmum. Tekin hefur verið sú málsgrein og felldur út forliðurinn „birki“ enda á þetta við um alla skóga (ekki bara birkiskóga):

Skógar veita margvíslega vistþjónustu, svo sem við miðlun vatns og næringarefna. Skógar í vexti binda kolefni úr andrúmslofti. Þar sem skógar breiðast út um skóglaust land með rýrum jarðvegi getur heildarbinding kolefnis orðið bæði mikil og langvarandi ekki síst í jarðvegi. Skógar geta dregið úr áföllum vegna náttúruhamfara, t.d. með því að binda eldfjallagjósku þannig að hún nái ekki að fjúka og valda skaða á gróðri, jarðvegi og mannvirkjum. Þá verja skógar jarðveg fyrir rofi af völdum vatns, vinda og skriðuhlaupa enda varð hin mikla jarðvegseyðing, sem átt hefur sér stað hér á landi, í mörgum tilvikum í kjölfar eyðingar skóga og kjarrlendis. Endurhæfing lands með ræktun nýrra skóga hefur í för með sér endurreisn líffræðilegrar fjölbreytni og vistþjónustu skóganna, svo sem vatnsmiðlunar, frjósemi og kolefnisbindingar.

(https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Birkiskogar.pdf)


Áhersla:

- Ræktun skóga stuðlar að vistfræðilegri, hagrænni og félagslegri sjálfbærni².
- Skógar skapa víðtæk umhverfisgæði og bæta hag og vellíðan.
- Skógar eru aðgengilegir almenningi og stuðla að útivist og betri lýðheilsu.
- Með friðun skóga og skógarleifa er stuðlað að umhverfis- og náttúruvernd.
- Með aukinni skógrækt er markið sett á áframhaldandi bindingu kolefnis sem er mikilvæg mótvægisáðgerð til að sporna við loftslagsbreytingum.
- Með öflugri hreyfingu fólks í þágu þessara málefna er hægt að takast á við margskonar ræktunarverkefni og virkja almenning til sameiginlegra verka.

Helstu leiðir:

- Efla starf skógræktarféлага.
- Hvetja sveitarfélög og aðra opinbera aðila til að auka skógrækt í samstarfi við skógræktarfélög og skóla.
- Hvetja til aukinnar trjáræktar í þéttbýli og næsta nágrenni þess vegna mikilvægis útivistarskóga og „Grænna trefla“³.

² Í Brundtland-skýrslunni, sem kom út 1987, er sjálfbær þróun skilgreind sem „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.“ Áherslan er á að sjónarmið samfélags og náttúru standi jafnfætis þeim efnahagslegu. Til þess að þróun samfélags geti verið sjálfbær, verður sú sjálfbærni að taka tillit til umhverfislegra (vistfræðilegra) þátta, efnahagslegra (hagrænna) þátta og félagslegra (samfélagslegra) þátta. Svona svipað og undir einum stól þurfa að standa þrjár fætur. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1840>



³ Grænn trefill er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði og var fyrst skilgreindur upp úr 1990 af skógræktarfélagum á höfuðborgarsvæðinu. Við gerð sameiginlegs svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið fyrir tímabilið 2001-2024 var Græni trefillinn formlega staðfestur í skipulagi. Trefillinn nær yfir stóran hluta útmerkur höfuðborgarsvæðisins en töluverður hluti þess lands er illa gróinn og er því mikilvægt að áfram verði unnið að jarðvegsvernd og uppræðslu eftir því sem við á.

Græni trefillinn er ekki samfellt skógræktarsvæði, heldur er skóginum ætlað að umlykja og skýla byggðinni og þeirri fjölbreyttu útivist, sem fram fer á útmörkinni. Skógurinn skapar bakland byggðarinnar og markmiðið að hann sé fjölbreyttur og í sátt við umhverfið. Samspil uppræðslu og skjólmyndunar hefur einnig mikil áhrif á svifryksmengun, bæði með því að taka upp agnir sem losna og verða til vegna umferðar en einnig með því að fyrirbyggja aðflutning svifryks af illa grónum svæðum. Jafnframt binda skógarnir á Græna treflinum kolefni, sem er mikilvæg mótvægisáðgerð gegn losun á koltvísýringi.

- Efla fræðslustarf og heimsóknir til skógræktarfélaganna.
- Vinna að kynningu á starfi skógræktarfélaganna í öllum miðlum.
- Stuðla að aukinni þátttöku einstaklinga, félaga og fyrirtækja í skógrækt.
- Efla samvinnu við samtök og stofnanir sem vinna að uppgræðslu.
- Koma á samstarfi við stuðningsaðila um arðbæra skógrækt.
- Veita ráðgjöf og aðstoða við öflun landsvæða til skógræktar.
- Styðja áfram við Yrkjuverkefnið og Kolvið

3. Grunnildi Skógræktarfélags Íslands

Grunngildi Skógræktarfélags Íslands eru sprottin af rótum samfélagssýnar um að láta gott af sér leiða fyrir land og lýð. Eyðing skóga, gróðurs og jarðvegs frá landnámi kallar á ábyrga afstöðu og félagslegan samtakamátt um aukin landgæði. Samvinna einstaklinga, félaga, samtaka og opinberra aðila er lykillinn að góðum árangri í ræktunarstarfi á Íslandi. Grunnildi Skógræktarfélags Íslands eru:

- Virðing fyrir náttúrunni.
- Samvinna.
- Ábyrgð og áreiðanleiki.
- Stefnufesta og þolinmæði.

Helstu leiðir:

- Þekking á náttúrunni skapar virðingu fyrir henni.
- Fræðsla um gildi skóga og skógræktar og um afleiðingar af eyðingu skóga, jarðvegs og landgæða. Mikilvægt er að efla almenna menntun með stuttum fræðslunámskeiðum eða fyrirlesturum í skógum landsins sem höfða til fjölbreytilegra hópa.
- Áhersla lögð á aukna samvinnu skógargeirans og hugað að góðum tengslum við menntakerfið.
- Stuðla að aukinni umfjöllun um skógrækt í samfélaginu.

4. Framtíðarsýn og áherslur

Þörf er á skógrækt í landi þar sem 95% skóga hafa eyðst vegna mannvistar og gróðurlausar auðnir þekja stærstan hluta landsins. Byggja þarf upp innviði og auðlind sem nýtist næstu kynslóðum.

Ávallt er unnið að framkvæmdum á Græna treflinum með markmiðum sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Skógræktarfélag Íslands hefur unnið markvisst að því að kynna sveitarfélögum og skógræktarfélögum samskonar nálgun og markmið. Skógræktarfélag Íslands ásamt aðildarfélögum leggur áherslu á að skapa Græna trefla sem víðast við þéttbýli á Íslandi.

Markmið

- Öflugt félagsstarf.
- Traustur fjárhagslegur grunnur.
- Víðfeðmir skógar um allt land.
- Samvinna skógargeirans (félagasamtaka, hagaðila, stofnana).
- Skógrækt fái lögformlegt gildi í skipulagi.
- Jákvæð ímynd skógræktarféлага.

Helstu leiðir:

- Öflug skógræktarfélag
 - Aðstoð og hvatning við skógræktarfélag.
 - Nýliðun og fjölgun félagsmanna – höfða þarf til allra kynslóða.
 - Efling svæðisbundinnar samvinnu skógræktarféлага.
- Samvinna við opinbera- og einkaaðila
 - Verkefnasamningar af ýmsum toga við opinbera og einkaaðila.
 - Hugað að fjáröflunarleiðum í samstarfi við opinbera og einkaaðila.
 - Koma á formlegum samstarfsvettvangi skógræktaraðila.
 - Endurvekja Fagráð skógræktar.
 - Aukin samvinna við félagasamtök í almannapágu.
 - Samvinna við Skógræktina, Landgræðsluna, Umhverfisstofnun, Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.
 - Erlent samstarf, t.d. sjálfbóðaliðar.
- Aukin skógarþekja
 - Langtímasamningar um skógræktarverkefni.
 - Friðun lands.
 - Stækkun/fjölgun svæða skógræktarféлага.
 - Vekja athygli almennings, stjórnvalda og fyrirtækja á hlutverki skógræktar sem loftslagsaðgerðar.
- Aukin aðsókn að skógum
 - Bætt aðgengi.
 - Fjölgun og gerð grænna skógarstíga.
 - Uppbygging aðstöðu.
 - Kynning.
 - Viðburðir.
 - Upplýsingar um tiltekna skóga (t.d. kort).
- Aukinn sýnileiki

- Merkja skóga skógræktarfélaganna.
- Auka notkun samfélagsmiðla.
- Upplýsingamiðlun.
- Útgáfustarfsemi.
- Skipulagsmál
 - Skógræktarfélög hafi beina aðkomu að skipulagsvinnu.
 - Markvissar umsagnir í aðal- og deiliskipulagi.
 - Lögformleg skilgreining skógræktarsvæða í aðal- og deiliskipulagi.